

Nd. **594. Frumvarp til laga** [373. mál]
um breytingu á lögum nr. 22/1975, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Flm.: Magnús Reynir Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein er orðist svo:

Styrkur skal veittur tónlistarskólum til að byggja eða kaupa skólahús eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Styrkurinn getur numið allt að 50% af byggingarkostnaði eða kaupverði húsnæðis enda leggi viðkomandi sveitarfélag jafnhátt framlag á móti. Styrkur ríkissjóðs skal aldrei vera hærri en framlag sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur þá breytingu í för með sér að ríkissjóður styrki tónlistarskóla til að byggja eða kaupa skólahúsnæði en í gildandi lögum eru ekki ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði. Í frv. þessu er gert ráð fyrir því að framlag ríkissjóðs sé þó bundið því skilyrði að viðkomandi sveitarfélag leggi fram fé úr sjóði sínum til þessara mála.

Með lögnum nr. 22/1975 er viðurkennt hversu mikilvæg tónlistarkennsla er og ríkissjóður og sveitarfélög taka að sér að greiða laun vegna kennslunnar sem er stærsti kostnaðarliðurinn.

Það verður að teljast eðlilegt að þessir aðilar standi einnig sameiginlega að byggingu skólahúsnæðis eða kaupum á hentugu húsnæði þar sem þess gerist þörf. Því er lagt til að lögnum verði breytt þannig að í þeim sé gert ráð fyrir þátttöku ríkissjóðs að undangenginni ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar um að leggja fé til þessara mála.